



KRISTJÁN EDELSTEIN er fæddur í Freiburg, Þýskalandi þann 18. ágúst 1962 og hefur haft tónlist að aðalstarfi síðan árið 1981. Kristján stundaði klassískt nám á gítar og píanó í Tónlistarskóla Reykjavíkur og síðar rafgítarnám við Berklee College of Music í Boston. Ungur varð Kristján landskunnur gítarleikari og starfaði með þekktum hljómsveitum, auk þess að leika inn á fjölda hljómplatna fyrir þjóðþekkta einherja. Kristján hefur sömuleiðis tekið þátt í flutningi og gerð tónlistar fyrir kvikmyndir, leikhús og sjónvarpsþætti. Síðustu árin hefur Kristján einnig séð um útsetningar, upptökur, hljóðblöndun og

hljóðfæraleik á ýmsum hljómplötum. Kristján hefur starfað sem gítarkennari við Tónlistarskólann á Akureyri um árabil og verið hluti af rypmísku deild skólans frá upphafi.

Kristján hefur starfað sem tónlistarstjóri fyrir Leikfélag Akureyrar í Litlu Hryllingsbúðinni og sem meðstjórnandi í Lífinu Notkunarreglur ásamt því að semja hljóðmynd og tónlist í fjölda leiksýninga svo sem, Tobacco Road, Vefarinn frá Kasmír, Gosi og fl.